

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 73/2014**

073-2014i

frá 16. maí 2014

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/60/ESB frá 30. ágúst 2010 um tilteknar undanþágur sem varða setningu fóðurjurtafræblanda, sem ætlaðar eru til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis, á markað (<sup>1</sup>).
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir 57. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/180/ESB) í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„58. **32010 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/60/ESB frá 30. ágúst 2010 um tilteknar undanþágur sem varða setningu fóðurjurtafræblanda, sem ætlaðar eru til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis, á markað (Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 10).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Texti stafl. a) í 1. gr. hljóði svo:

„Uppspretusvæði“ er svæði með þeirri tegund gróðurs sem er sérstaklega áhugaverður vegna varðveislu erfðaauðlinda plantna og sem er tilnefnt í samræmi við innlenda löggjöf.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/60/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.